

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskólinn á Hólum Verið - Vísindagarðar, Sauðárkrók



Dags eftirlits	6.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Háskólinn á Hólum	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Háeyri 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500169-4359	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kári Heiðar Árnason	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að öryggisblöð þurfa að vera aðgengileg við efnaskáp og að öryggismerkingar á efnaskáp þarf að uppfæra.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Háskólans á Hólum, Verið vísindagarða á Sauðárkrók. Fiskeldisstöðin er kennslu- og tilraunastöð við háskólann. Heimilt er að ala í stöðinni lax, bleikju, urriða, hornsíli, þorsk, lúðu, hlýra, hrognkelsi, beitarfisk, zebrafisk, beitukóng o.fl. allt að 14 tonnum árlega.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Breytingar á rekstri
- Mengunarvarnir
- Húsnæði og lóð
- Meðhöndlun úrgangs
- Eftirlitsmælingar og frárennsli
- Skráningar og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Meðhöndlun úrgangs og fastefnis - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2020 og engar ábendingar voru gerðar. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára, farið er úr eftirlitsflokk C sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn annað hvert ár niður í eftirlitsflokk D sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn þriðja hvert ár.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti. Flutningar eru fyrirhugaðir á stöðinni á næstu misserum en ekki er komið í ljós hver ný staðsetning verður eða hvernig starfsemi verður háttáð en rekstraraðili er minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi í tíma fyrir starfsemi á nýrri staðsetningu. Vinnslutími nýs starfsleyfis getur tekið allt að 6-8 mánuðum.

Góð almenn úrgangsflokkun er í stöðinni. Dauðfiskur er sóttur af Flokku ehf. og fer til urðunar en magn þess er óverulegt eða nokkur hundruð kg yfir árið.

Engar mælingar hafa verið gerðar á fráveituvatni en góðar mælingar eru gerðar í rannsóknunum. Skráningar eru fyrir hverja og eina rannsókn en ekki er tekin saman heildarskýrsla um stöðina.

Ein kælivél er á staðnum og er hún þjónustuð af Tengli ehf. Ekki þarf að tappa kælivökva af vélinni, einungis er fyllt á þegar þurfa þykir.

Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila uppfært tryggingaskýrteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda um leið og það liggur fyrir.

Gengið var um stöðina og frárennsli, efnageymsla og úrgangsflokkun skoðuð. Engar athugasemdir eru gerðar þar um og stöðin snyrtileg á að líta. Bent var á að öryggisblöð þurfa að vera aðgengileg við efnaskápa en ekki einungis uppi á rannsóknarstofu líkt og nú er. Einnig er bent á að uppfæra þarf merkingar á efnaskáp. Spilliefni eru geymd í læstum skáp og er frágangur þeirra í lagi.

ÁBENDINGAR

Bent var á að öryggisblöð þurfa að vera aðgengileg við efnaskápa en ekki einungis uppi á rannsóknarstofu líkt og nú er og að uppfæra þarf öryggismerkingar á efnaskáp.

ANNAÐ

Engin olía er geymd á starfsstöðinni alla jafna. Færanlegur 200L plastgeymir er notaður við sérstakar aðstæður.


Farið var yfir sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðin um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðin um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 10.05.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir